# Umhverfismat

## Gátlisti fyrir mið- og elstastig grunnskóla

Listinn er til að auðvelda skólum að framkvæma umhverfismat fyrir þemað vatn í upphafi nýs Grænfánatímabils.
Miðað er við að nemendur á mið- og unglingastigi framkvæmi matið með aðstoð kennara.
Við hverja spurningu er mynd til leiðbeiningar um hvernig best er að framkvæma matið.

## Listanum er skipt í þrennt:

Hugur (þekking) - Hjarta (skólinn og samfélagið) - Hendur (aðgerðir).



Listinn er ekki tæmandi og mega skólar að sjálfsögðu koma með aðrar hugmyndir en þær sem standa á listanum.
Þegar búið er að fara yfir listann ætti skólinn að sjá betur hvar hann stendur innan þemans. Það ætti að auðvelda honum að sjá hvort hann þurfi að taka sig á innan þemans og setja sér markmið í samræmi við það.

## Merkingar:

Nemendur geta fundið svarið sjálfir án mikillar aðstoðar 

Nemendur gætu þurft aðstoð við að svara spurningunni 

Nemendur þurfa að mæla eða rannsaka hlutinn til að svara spurningunni 

## Matskvarðar:

- Ekki til staðar í skólastarfinu
- Að hluta til eða í gangi í skólastarfinu
- Nú þegar gert í skólastarfinu

# Vatn

**Hugur**
**þekking**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Fræðast nemendur um vatn í daglegu lífi? | | | |
| Fræðast nemendum um hringrás vatns? | | | |
| Er kennt um mengun vatns/hafs á Íslandi og á heimsvísu? | | | |
| Eru allir í skólanum meðvitaðir um af hverju þarf að fara sparlega með vatn í heiminum? | | | |
| Fræðast nemendur um vatn í daglegu lífi? | | | |
| Þekkja nemendur ólík form vatns? | | | |
| Þekkja nemendur hverju má og má ekki skola í vaskinn eða klósett? | | | |
| Eru nemendur og starfsfólk frætt um heilsufarslegan ávinning vatnsdrykkju? | | | |

| | | | |
|---|---|---|---|
| Er rætt um örplastmengun í vatni og áhrif þess á lífríkið þ.m.t. á mannkynið? | | | |
| Er rætt um plastmengun í hafi og áhrif þess á lífríkið? | | | |
| Eru nemendur meðvitaðir um mismunandi vatnsnotkun á einstakling í mismunandi löndum heims? | | | |
| Fræðast nemendur um verndun vatns og hafsvæða? | | | |
| Fræðast nemendur um vatns-notkun og mengun t.d. vegna fataframleiðslu? | | | |

# Hjarta

## skólinn og samfélagið

| | | | |
|---|---|---|---|
| Dropar úr einhverjum krana í skólanum? | | | |
| Skrúfa nemendur alltaf fyrir krana þegar þeir eru búnir að nota þá? | | | |
| Er hægt að velja um mikið/lítið vatn þegar sturtað er niður úr klósettum? | | | |
| Ef já, eru nemendur meðvitaðir um það og vita þeir til hvers það er? | | | |
| Hefur umfjöllun um vatn verið flétt inn í mismunandi málefni kennslunnar? | | | |
| Eru nemendur og starfsfólk hvatt til að drekka meira vatn af heilsufars ástæðum? | | | |
| Er hitastillir á ofnum svo hægt sé að stjórna hitanum í hverju rými? | | | |
| Er hiti á ofnum lækkaður í fríum? | | | |
| Sparar skólinn heita vatnið með því að birgja ekki ofna með húsgögnum og gluggatjöldum? | | | |

| | | | |
|---|---|---|---|
| Hafið þið kynnt ykkur starfsemi Rauða krossins þar sem þeir aðstoða þjóðir til að fá aðgengi að hreinu vatni? | | | |
| Er nemendur hvattir til að koma með eigin vatnsbrúsa? | | | |
| Hafa nemendur gert rannsókn á ólíku aðgengi barna um heim allan að vatni? | | | |
| Eru starfsmenn og/eða nemendur með merkta bolla til að draga úr uppvaski og sleppa við óþarfa einnota glös? | | | |
| Eru nemendur meðvitaðir um hvaðan vatnið kemur í skólann og hvert það fer | | | |
| Er bent á umbúðir sem hrannast upp vegna drykkjakaupa? | | | |
| Notar skólinn efni sem getur mengað vatn eins og sum hreinsiefni eða skordýra- og illgresis eyðir? | | | |
| Þekkja nemendur vatnsverndarsvæðin í sínu bæjar-/sveitarfélaginu? | | | |

# Hendur
## aðgerðir

| | | | |
|---|---|---|---|
| Er fylgst með því hversu mikil heita- og kaldavatnsnotkun skólans er? | | | |
| Er unnið með heimsmarkmiðin í skólanum í tengslum við vatn? | | | |
| Hafa nemendur gert rannsókn á ólíku aðgengi barna um heim allan að vatni? | | | |
| Eru starfsmenn og/eða nemendur með merkta bolla til að draga úr uppvaski og sleppa við óþarfa einnota glös? | | | |
| Tekur skólinn þátt í hjálparstarfi til stuðnings þeim sem hafa ekki aðgang að hreinu vatni. | | | |
| Eru þið í skólanum að upplýsa og fræða aðra um vatn? | | | |
| Eruð þið í skólanum að reyna að hafa áhrif, t.d. með því að senda bréf til fyrirtækja, funda með sveitarstjórn, gera athugasemdir við einhver áform, skrifa greinar, vera með viðburð o.fl. | | | |
| Eruð þið að tína rusl sem er í náttúrunni svo það getur m.a. ekki mengað vatn? | | | |

| | | | |
|---|---|---|---|
| Eruð þið tilbúin að spara vatn og koma í veg fyrir mengun og sóun vatns t.d. með því að: | | | |
| • Nota eingöngu fjölnota brúsa og fylla með vatni | | | |
| • Nýta mat og minnka neyslu. | | | |
| • Nota umhverfisvænar snyrtivörur | | | |
| • Kaupa notaðar vörur, fá hluti lánaða, gera við hluti | | | |
| • Skrúfa vel fyrir krana þegar búið er að nota þá | | | |
| • Fara í "hæfilega" langar sturtur | | | |

## Til umræðu:

- Af hverju er vatn mikilvægt fyrir tilvist okkar og annarra lífvera?
- Eru einhver vandamál tengd vatni í skólanum?
- Hafa allir Jarðarbúar aðgang að hreinu vatni?
- Tekur skólinn þátt í alþjóðlegu vatnsverkefni?
- Ræðið vatnsmagn sem notað er við ólík störf t.d. landbúnað, stóriðju, spendýrarækt o.fl.
- Ræðið um vatnsmagn í heiminum, eigum við nóg af drykkjarvatni á jörðinni, hvað er ferskvatn hlutfallslega mikið, hve mikið er drykkjarhæft hlutfallslega, á hvaða formi er vatnið?
- Hvernig er hægt að koma í veg fyrir sóun á fersku vatni?
- Hvernig er hægt að koma í veg fyrir mengun vatns?

## Markmið og aðgerðir innan þemans vatn